

Samræmd viðmið og miðlægir matsaðilar tryggja samanburðarhæfi úttekta.

Samstarf sveitarfélaga og ríkisins við ytra mat grunnskóla er hagkvæmasti kosturinn fyrir sveitarfélög.



Til viðbótar framangreindum lykilþáttum getur sveitarfélag/skóli óskað eftir að metinn verði einn þáttur til viðbótar. Stendur þá valið á milli nokkurra matsþátta svo sem; sérkennslu, samskipta heimilis og skóla og skólabrags.

Viðmið um gæði í skólastarfi sem liggja til grundvallar mati á skólunum eru aðgengileg á heimasíðum Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis.

ÁVINNINGUR SAMVINNU UM YTRA MAT

Samstarfsverkefni sveitarfélaga og ráðuneytis um ytra mat auðveldar sveitarfélögum að standa undir kröfum sem til þeirra eru gerðar í grunnskólalögum um að nýta ytra mat markvisst til að efla innra starf grunnskóla. Samræmd viðmið og miðlægir matsaðilar tryggja samanburðarhæfi úttekta.

Sveitarfélög og skólar geta skoðað stöðu sína miðað við stöðu heildarinnar, en ekki er gert ráð fyrir að gerður sé samanburður á einstaka skólum. Afrakstur verkefnisins nýtist þannig öllum sveitarfélögum. Verkefnið um ytra mat gefur m.a í fyrsta sinn tækifæri til að meta kennsluhætti í skólastofu á landsvísu, þar sem kjarninn í öllu skólastarfi fer fram.

Samstarf sveitarfélaga og ríkisins við ytra mat grunnskóla er hagkvæmasti kosturinn fyrir sveitarfélög.

KOSTNAÐUR VIÐ VERKEFNIÐ

Mennta- og menningarmálaráðuneyti greiðir að lágmarki 60% kostnaðar við framkvæmd verkefnisins og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga að hámarki 40%. Kostnaður vegna miðlægs matsaðila og utanumhald verkefnis greiðist af ríki. Kostnaður vegna héraðsmatsaðila greiðist af jöfnunarsjóði en á sl. ári nam sú upphæð að meðaltali 500.000 krónum á hvern skóla.

Þróunarverkefnið nær einungis til tveggja ára og því er nauðsynlegt að huga að framtíðarfyrirkomulagi ytra matsins ásamt varanlegri fjármögnun þess og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

© Samband íslenskra sveitarfélaga
Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ábm. Valgerður Ágústsdóttir
Útgefið í mars 2013/09
Uppfært í nóvember 2013

Borgartún 30
Pósthólf 8100, 128 Reykjavík
samband@samband.is • www.samband.is

Ytra mat á grunnskólum Þróunarverkefni 2013–2014

- Rekstur grunnskóla nam rúmum 60 ma.kr. árið 2012 eða um 32% af skatttekjum sveitarfélaga
- Áherslur ytra matsins beinast að kjarnastarfsemi skóla, þ.m.t. stjórnun og kennslu
- Ytra mat styður við skólastarf og leiðir til úrbóta
- Samstarf ríkis og sveitarfélaga um ytra mat er hagkvæmur kostur



Samband íslenskra sveitarfélaga

Ytra mat á grunnskólum

Verkefnið um ytra mat gefur m.a í fyrsta sinn tækifæri til að meta kennsluhætti í skólastofu, þar sem kjarninn í öllu skólastarfi fer fram.



HVERS VEGNA SAMSTARF?

Árið 2011 tóku ráðuneytið og sambandið þá ákvörðun að standa sameiginlega að verkefni um ytra mat á grunnskólum með tilstyrk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Framkvæmd ytra mats á grunnskólum er samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 bæði á ábyrgð sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Miklir fjármunir eru veittir til grunnskóla og mikilvægt er að vel takist við við ráðstöfun þeirra. Eftirlit sveitarfélaga með grunnskólum hefur verið takmarkað og lítið samræmi í aðferðum. Þá hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti einungis látið meta um sex grunnskóla á ári. Markmið með samstarfi um ytra mat er að þróa samræmd viðmið og aðferðir þar sem áhersla er lögð á faglega þáttinn í skólastarfi. Einnig er stefnt að því að fjölga þeim skólum sem metnir eru ár hvert.

SAMSTARFSVERKEFNIÐ

Sex grunnskólar voru metnir í tilraunaverkefni um ytra mat árið 2012. Um árangur þess verkefnis og tilhögun má lesa í heildarskýrslu um verkefnið sem finna má á heimasíðu sambandsins undir skólamáli.

Í ljósi góðrar reynslu af tilraunaverkefninu var tveggja ára þróunarverkefni um ytra mat ýtt úr vör í janúar 2013. Unnið verður áfram samkvæmt þeirri aðferðafræði sem þróuð var í tilraunaverkefninu. Stefnt er að því að meta átta skóla árið 2013 og 10 skóla árið 2014. Gert er ráð fyrir að árlegum úttektum muni áfram fjölga þegar þróunarverkefninu lýkur.

MATSADILAR

Tveggja manna matsteymi metur hvern þáttökuskóla í þróunarverkefninu. Matsaðilar þurfa að uppfylla skilyrði um sérfræðilækingu, menntun og hæfi. Annar matsaðilinn er miðlægur en hinn tilnefndur af sveitarfélagi og getur komið úr nærsamfélagi (héraðsmatsaðili). Þannig skapast aukið traust auk þess sem matsþekking byggist upp heima í héraði.

MATSPÆTTIR

Ytra matið nær til þátta í starfi skóla sem hægt er að skilgreina sem lykilhætti í umbótastarfi. Eftirtaldir matsþættir eru þungamiðjan í ytra matinu:

1. Stjórnun skóla
2. Nám og kennsla
3. Vinnubrögð við innra mat.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þátttaka og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarfi í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofað daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þátttaka foreldra í skólastarfi, upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðs-bundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsmiðað, byggir á lýðræðisleg. vinnubr.	

Heimild: Heildarskýrsla um tilraunaverkefni um ytra mat á skólastarfi.2012.